

Þorskeldi ehf.
Mörk 4
765 Djúpivogur

Reykjavík 4. október 2019

UST201812-100/F.T.

08.12.02

UST201812-099

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með athugasemdum

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. desember sl. þar sem stofnunin áformði að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 10. október 2018 hjá Þorskeldi Fáskrúðsfirði.

Frávikan eru eftirfarandi:

1. Gr. 16. í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Tryggingu vegna bráðamengunar vantar. Stofnuninni barst afrit af tryggingarskírteini rekstraraðila þann 28. janúar sl. Ekki er tiltekið á skírteininu fyrir hvaða stöðvar tryggingin gildir. Stofnunin óskar eftir uppfærðu tryggingarskírteini þar sem fram kemur til hvaða stöðva tryggingin tekur.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó og 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar.
 - a. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar: Í áætlun rekstraraðila er fjallað um almenn viðbrögð við mengunarslysum og varnir starfsmanna en mætti fjalla nánar um þætti sem snúa beint að olíumengun. Í áhættumatinu er einungis fjallað um efnageymslu og bilun í búnaði (undir verkheiti notkun efna á bátum), en ekki áhættumat fyrir olíuna.
 - b. Neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar: Í áætluninni vantar að tiltaka við hvern verkþátt hver ber ábyrgð, ekki er nóg að vísa almennt í starfsmenn fyrirtækisins. Tiltaka þarf stöðvarstjóra, eldisstjóra, framkvæmdastjóra eða annan yfirmann. Ásamt þessu gerir stofnunin kröfu um að rekstraraðilar skili inn samningi við móttökuaðila dauðfisks (í endurnýtingu vegna massadauða eða staðfesting frá urðunarstað) um að hægt sé að taka við því magni sem gæti fallið til. Hefjist rekstur að nýju, fer stofnunin fram að slíkum samningi verði skilað.
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó. Skráningum í rekstrardagbók er ábótavant. Í rekstrardagbók vantar skráningar varðandi viðhald búnaðar eða bilanir, framleiðslutölur og afföll, fóðurnotkun og fóðurgerð, lyfjanotkun, ef einhver er, og meðhöndlun úrgangs, magn og gerð skv. gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum.

Rekstraraðili óskaði eftir endurnýjun á starfsleyfi Porskeldis ehf. í Fáskrúðsfirði en leyfið rennur út þann 27. maí 2020. Í ljósi þess að starfsemi er ekki fyrir hendi í stöðinni sem stendur, lítur stofnunin svo á að eftirfylgni með frávikunum sé lokið að sinni. Óskað verður

eftir þeim gögnum sem vantar samhliða vinnslu nýs starfsleyfis. Farið er fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni tilkynningu ef starfsemin hefst að nýju.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfullst



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands